



Fjarfundur í AST ásamt bæjarstjórum á Suðurnesjum

Fundur 09. nóvember 2020 kl. 13:00

Mætt: Grímur Hergeirsson (LSS), Margrét Kristín Pálsdóttir (LSS), Bjarney S. Annelsdóttir (LSS), Sigurgeir Sigmundsson (LSS), Arngrímur Guðmundsson (LSS), Sigurgeir Sigmundsson (LSS), Arnar Steinn Elísson (Svæði2), Kjartan Már Kjartansson (RNB), Fannar Jónasson (GRI), Magnús Stefánsson (SUD), Ásgeir Eiríksson (Vogar).

1. Grímur Hergeirsson setti fundinn og boðaði forföll Fjölnis. Þeir höfðu rætt saman og staðan er mjög góð. Líklega samtals fjögur ný smit um helgina og öll á landamærum. Grímur talaði um þróunin síðustu daga í fækkun smita að þá verði hugsanlega einhverjar tilslakanir nk. mánudag en það gæti verið að þær verði ekki miklar en við þurfum að vera við öllu búin. Grímur taldi að í ljósi þess að vel gengur að þá verði fundur þannig að þeir tjái sig sem vilja það sérstaklega.
2. Ásgeir Eiríksson spyr hvort að möguleiki sé að fá tölurnar varðandi stöðuna á Suðurnesjum á degi hverju. BSA ætlar sér að sjáum þetta áfram, í það minnsta þessa viku.
3. Kjartan Már spyr spurningu um skilgreiningu á sviðslist. Andrea frá HSS ætlar að leita eftir svari fyrir Reykjanesbæ varðandi það.
4. Andrea fór yfir það að sýnatökur um helgina hafi verið með minnsta móti og það sé jákvætt.
5. Grímur talar um að mikilvægt sé að við séum áfram hörð á því að það sé ekki farið að slaka á varðandi handþvott, grímunotkun og fjarlægð. Það er mikilvægt fyrir okkur sem stjórnendur í lykilstöðum.
6. Arnar frá svæðisstjórn spyr um sjúkraflutninga. Jón segir að sjúkraflutningar hafi verið nokkuð rólegir síðustu viku en covid-flutningar hafi ekki minnkað (sitjandi flutningar af fólki sem sækir um alþjóðlega vernd).

Grímur fór yfir það að næsti fundur yrði 16. nóv á sama tíma. Líkur á að hann verði ekki þar og þakkaði fyrir gott samstarf og áframhaldandi góðs gengis.

Fundi slitið klukkan 13:16.

Bjarney S. Annelsdóttir, yfirlögregluþjónn